

Frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir

Svæðisvinnumiðlanir

Gerð er athugasemd við það að í þessum lögum er ekki minnst á Svæðisvinnumiðlanir eða hlutverk þeirra. Ekki er heldur minnst á hlutverk forstöðumanna stofnananna gagnvart vinnumarkaðsaðgerðum en þeir bera ábyrgð á framkvæmd þeirra á svæði hvernar svæðisvinnumiðlunar. Á hverri svæðisvinnumiðlun á landsbyggðinni hefur byggst upp þekking sem nýtist mjög vel í þeirri teymisvinnu sem nauðsynleg er til þess að unnt sé að ná virkni í starfseminum á hverju svæði. Nauðsynlegt er að skilgreina hlutverk svæðisvinnumiðlana sem framkvæmdaðila þeirra vinnumarkaðsaðgerða sem gripið er til.

Einnig er gerð athugasemd við það að ekki er minnst á forstöðumenn í þessu frumvarpi né hlutverk þeirra. Þeir eru framkvæmdastjórn og ábyrgðaraðilar þeirra vinnumarkaðsaðgerða sem gripið er til á hverju svæði fyrir sig og hafa yfirsýn yfir það sem í gangi er hverju sinni. Mjög þýðingarmikið er að halda þeirri nánd sem forstöðumennirnir hafa við vinnumarkaðinn og halda áfram að byggja upp tengsl á þeim landsvæðum sem svæðisvinnumiðlanirnar ná yfir. Þessi nálægð hefur gefið góða raun.

Vinnumarkaðsráð (6. gr.)

Gerð er athugasemd við stofnun og starfshætti sem vinnumarkaðsráðum er ætlað. Þeim er ætlað stærra hlutverk en svæðisráðin höfðu í gömlu lögunum. Svo virðist sem vinnumarkaðsráðin eigi að verða sjálfstæðar stofnanir að einhverju leyti og fá þjónustu frá starfsstöðvum Vinnuálastofnunar en þær starfsstöðvar eru Svæðisvinnumiðlanirnar sem hafa þjónustað svæðisráðin.

Bent er á að nauðsynlegt er að hafa ráðgefandi aðila eins og vinnumarkaðsráð eða svæðisráð til þess að hafa frumkvæði að þörfum málefnum á vinnumarkaði. Mjög er óljóst og ekki getið um það hvernig vinnumarkaðsráðin eiga að vinna þau verk sem þeim er ætlað.

Hér vantar að geta Svæðisvinnumiðlananna sem halda uppi vinnumarkaðsaðgerðunum á svæðinu og hafa gefið svæðisráðunum og forstjóra Vinnuálastofnunar skýrslu um það starf. Með þeirri framsetningu sem er í lögunum virðist sem vinnumarkaðsráðin hafi fengið hlutverk Svæðisvinnumiðlananna varðandi vinnumarkaðsaðgerðir.

Lagt er til að orðalagi 6. greinar verði breytt þannig að vinnumarkaðsráðin starfi með Svæðisvinnumiðlunum og vinnumiðlun Höfuðborgarsvæðisins. Þau fái þjónustu hjá Svæðisvinnumiðlunum og hafi umsagnar og tillögurétt gagnvart þeim vinnumarkaðsaðgerðaráætlunum og skýrslum sem svæðisvinnumiðlanirnar setja fram.

Selfossi 3. maí 2006

Sigurður Jónsson, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Suðurlands